

Rauði listinn - svæði í hættu

Yfirlit til umhverfis- og auðlindaráðuneytis 2016

Samantekt

Umhverfisstofnun gefur árlega út skýrslu um ástand friðlýstra svæða á Íslandi. Á tveggja ára fresti er svo gefinn út svokallaður „rauði listinn – svæði í hættu“ sem byggður er á ástandsskýrslunni. Eitt af markmiðum rauða listans er að forgangsraða kröftum og fjármunum til verndunar, að auka meðvitund um ákveðna hættu og efla samstarf meðal umsjónaraðila, hagsmunaaðila og stofnana sem koma að fjármögnun, skipulagingu, vöktun og stjórnun svæða.

Notuð er SVÓT aðferðarfræði þar sem greindir eru styrkleikar, veikleikar, ógnir og tækifæri viðkomandi svæðis. Greiningin byggir á gögnum sem Umhverfisstofnun aflar sér á ýmsan hátt, (sjá verklag hér að neðan) og einkum frá landvörðum, í gegnum sjálfbóðaliðastarf í náttúruvernd og aðra sérfræðinga stofnunarinnar sem vinna við og á svæðunum. Einnig leitar Umhverfisstofnun upplýsinga í lok hvers árs frá sveitarfélögum og öðrum lögaðilum hvað varðar ástand friðlýstra svæða. Að auki leggur Umhverfisstofnun mat á þær ábendingar sem stofnunin fær á hverju ári á einn eða annan hátt og varða friðlýst svæði á landinu (sjá einnig verklag fyrir gerð rauða listans). Umhverfisstofnun vinnur nú að gerð verkfæris sem koma skal í stað fyrri SVÓT aðferðarfræði og nýtist við mat á ástandi svæða. Niðurstaða í þeirri aðferðarfræði verður einkunnargjöf fyrir hvert og eitt svæði sem er þá hægt að bera saman bæði milli svæða og ára. Aðferðarfræðin er sótt í METT (management effectiveness tracking tool) sem útbúin var af WWF (Alþjóðasjóður villtra dýra).

Umhverfisstofnun hefur nú metið þær aðgerðir og verndarráðstafanir sem farið hefur verið í á þeim svæðum sem sett voru á fyrri rauða listann og einnig metið nýjar ástæður eins og aukningu ferðamannastraums á svæði.

Eitt svæði færast af appelsínugulum lista á rauðan lista, náttúruvættið Skógafoss. Svæðið lætur mikið á sjá vegna gríðarlegrar aukningar á ferðamönnum sem heimsækja svæðið allt árið um kring. Lítil landvarsla er á svæðinu og stýringu ferðamanna um svæðið er ábótavant.

Friðlandið Fjallabak, Helgustaðanáma, Verndarsvæði Mývatns og Laxár, Geysir og Reykjanesfólkvangur verða áfram á rauða listanum að sinni. Þær aðgerðir sem hafa verið gerðar á svæðunum að undanfögnu hafa verið mikilvægar en duga ekki til að þau fari af rauða listanum að þessu sinni. Landvörslu þarf að bæta umtalsvert á öllum þessum svæðum til að auka vernd þeirra.

Tvö ný svæði koma inn á appelsínugulan lista. Þau eru Dettifoss og Hornstrandir vegna aukins ágangs ferðamanna og lengingar ferðamannatímabilsins.

Fjögur svæði fara hins vegar alveg af listanum. Þau eru: Eldborg í Bláfjöllum, Fossvogsbakkar og Háubakkar vegna þess að þar hafa aðgerðir Umhverfisstofnunar og Reykjavíkurborgar í stýringu, upprætingu framandi tegunda og fræðslu bætt stöðu mála umtalsvert.

Nokkur svæði eins og Surtarbrandsgil og Dynjandi eru á batavegi en ekki farin af listanum, þar sem flestar framkvæmdir sem áætlaðar voru eru á lokametrunum en ekki búnar. Eftirlit með svæðinu hefur verið aukið, gestastofa Surtarbrandsgils er opnuð á Brjánslæk og vinna við stjórnunar-

og verndaráætlun er á lokametrunum.

Friðlýst svæði á Íslandi voru 114 talsins í maí 2017 en umfang þeirra, eðli og ástand er eins misjafnt og svæðin eru mörg. Svæði kunna að hafa verið friðlýst vegna náttúrufars, landslags, jarðminja, útivistar

eða samblands framangreindra þátta. Margir þættir geta haft neikvæð áhrif á verndargildi friðlýstra svæða. Þó má segja að áhrif mannglegra umsvifa séu hvað mest. Mörg friðlýst svæði eru meðal vinsælustu áfangastaða ferðamanna á Íslandi. Er fjöldi ferðamanna þegar kominn yfir milljón á ári og stefnir í áframhaldandi vöxt í greininni. Mikilvægt er að innviðir svæðanna séu til þess búnir að taka á móti þeim fjölda sem þar staldrar við og að fræðsla innan svæðanna sé markviss og til þess fallin að stuðla að aukinni verndun íslenskrar náttúru.

Umhverfisstofnun hefur fjölgað heilsársstörfum nokkuð á undanförunum árum. Nú eru svæðalandverðir okkar á sunnanverðum Vestfjörðum, Ísafirði, Mývatni, Hellu, Vestmannaeyjum og í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Þá hefur verið ráðinn starfsmaður sem sinnir Gullfoss og Geysi. Og auglýst hefur verið starf sérfræðings fyrir Kerlingarfjöll.

Stofnunin ítrekar mikilvægi þess að auka og bæta heilsársumsjón með friðlýstum svæðum í öllum landshlutum en sérstaklega á Austurlandi og Suðvesturlandi. Stofnunin ítrekar einnig að framkvæmdaráætlanir verði fjármagnaðar til langs tíma svo hægt sé að fara eftir stefnu svæðanna með langtímamarkmið í huga. Með skýrari rekstrargrundvelli og auknu fé í rekstur og framkvæmdir svæðanna væri hægt að stemma stigu við þeim áskorunum sem fylgir fjölgun ferðamanna um landið. Stórauka þarf landvörslu, framkvæmdir og aðrar verndarráðstafanir á friðlýstum svæðum.

2010

RAUÐ SVÆÐI

Dyrhólaey
Friðland að Fjallabaki
Geysir
Grábrókagígur
Gullfoss
Helgustaðanáma
Hveravellir
Reykjanesfólkvangur
Surtubrandsgil
Teigarhorn

APPELSÍNUGUL SVÆÐI

Dynjandi
Eldborg í Bláfjöllum
Fossvogsbakkar
Geitland
Hraunfossar
Laugarás
Kringilsárrani
Verndarsvæði
Mývatns & Laxár

2012

RAUÐ SVÆÐI

Friðland að Fjallabaki
Geysir
Helgustaðanáma
Laugarás
Reykjanesfólkvangur
Verndarsvæði
Mývatns & Laxár

APPELSÍNUGUL SVÆÐI

Dyrhólaey
Eldborg í Bláfjöllum
Fossvogsbakkar
Geitland
Grábrókagígur
Gullfoss
Háubakkar
Hveravellir
Kringilsárrani
Rauðhólar
Skógafoss
Skútustaðagígur
Surtarbrandsgil
Teigarhorn

2014

RAUÐ SVÆÐI

Friðland að Fjallabaki
Geysir
Helgustaðanáma
Reykjanesfólkvangur
Verndarsvæði
Mývatns & Laxár

APPELSÍNUGUL SVÆÐI

Dynjandi
Dyrhólaey
Eldborg í Bláfjöllum
Fossvogsbakkar
Geitland
Grábrókagígur
Gullfoss
Háubakkar
Kringilsárrani
Laugarás
Rauðhólar
Skógafoss
Skútustaðagígur
Ströndin við Stapa og
Hellna
Surtarbrandsgil
Teigarhorn

2016

RAUÐ SVÆÐI

Friðland að Fjallabaki
Geysir
Helgustaðanáma
Reykjanesfólkvangur
Verndarsvæði
Mývatns & Laxár
Skógafoss

APPELSÍNUGUL SVÆÐI

Dettifoss
Dverghamrar
Dynjandi
Dyrhólaey
Geitland
Grábrókagígur
Gullfoss
Kringilsárrani
Rauðhólar
Skútustaðagígur
Ströndin við Stapa og
Hellna
Surtarbrandsgil
Teigarhorn

SVÆÐI SEM HAFU FÆRST NIÐUR MILLI FLOKKA EÐA AF LISTA FRÁ 2010

2010

Dyrhólaey
Grábrókagígur
Gullfoss

2012

Hveravellir (af lista)
Hraunfossar (af lista)

2014

Laugarás
Skógafoss
Surtarbrandsgil

2016

Eldborg í Bláfjöllum
(af lista)
Háubakkar (af lista)
Fossvogsbakkar
(af lista)
Laugarás (af lista)

VERKLAG FYRIR GERÐ RAUÐALISTANS

Heimildir og SVÓT greining:




SVÓT greining, metnir eru eftirfarandi þættir:



Þættir

skoðaðir við gerð SVÓT greiningar, ser stuðst er við IUCN flokkun hvers svæðis, friðlýsingarskilmála og verndargildi:



Rauði listinn

Rauðlituð svæði eru í verulegri hættu að tapa verndargildi sínu eða hafa tapað því að hluta til.

Friðland að Fjallabaki

Geysir

Helgustaðanáma

Reykjanesfólkvangur

Skógafoss

Mývatn & Laxá

FRÍÐLAND AÐ FJALLABAKI

Auglýsing nr. 354/1979 í Stjórnartíðindum B.

STYRKLEIKAR Friðland að Fjallabaki var stofnað árið 1979, til verndar einhverra mikilvægustu náttúruminja landsins. Friðlandið er eldfjallagarður, með virkum eldstöðvum og mótast umhverfi svæðisins af því. Svæðið er að mestu óspillt víðerni, uppbygging innan svæðisins takmörkuð og vegir fáir. Aðdráttarafl friðlandsins liggur í fegurð þess, útivist og þeirri upplifun sem ferðamenn verða fyrir á svæðinu. Stærð friðlandsins er tæpir 45 þúsund hektarar og í farvatninu er að stækka svæðið.

Ráðgjafanefnd er starfandi fyrir friðlandið og er tilgangur nefndarinnar að vera Umhverfisstofnun til ráðgjafar um umsjón þess. Þá skipaði umhverfis- og auðlindaráðuneytið starfshóp um málefni friðlandsins sumarið 2015 og Rangárþing ytra ásamt hagsmunaaðilum vinnur að gerð deiliskipulags fyrir Landmannalaugar. Nærsveitafélög hafa unnið rammaskipulag fyrir Suðurhálandið, öflugt verkfæri og leiðarvísir til framtíðar. Heilsárstarfsmaður fer með málefni friðlandsins, landvarsla hefur verið aukin svo og viðverutími. Aðstöðu var komið upp fyrir starfsmenn í Landmannahelli 2014. Fjármagn til framkvæmda og verndar á svæðinu hafa aukist lítilega undanfarin ár og horfir til bjartari tíma. Hafin er vinna við uppbyggingu og viðhalds gönguleiðar um Laugahraun.

VEIKLEIKAR/ Friðland að Fjallabaki er virkt eldfjallasvæði og eitt af einkennum slíkra svæða eru rofgjörn jarðefni og síkvikt yfirborð. Gróður á erfitt uppdráttar, samfelld gróðursvæði fá, vaxtatími stuttur, áfok og beit og hæg endurheimt gróðurs sem spillist hæg. Ekki er til áætlun um áhrif eða stjórn beitar á svæðinu. Helstu áningastaðir ferðamanna eru fáir og ágangur á þá mikill. Innviðir þeirra staða bera vart þann gestaþunga. Áætla má að yfir 150 þúsund manns sækir friðlandið heim árlega, flestir að sumri og af þeim má áætla að 130 þúsund gestir vitji Landmannalauga sem er helsti áfangastaður ferðamanna í friðlandinu. Mikil bílaumferð og lítið viðhald vega innan friðlandsins hefur leitt til utanvegaaksturs. Talsvert vantar á að upplýsingar um fjölda ferðamanna, ferðaleiðir og eigindi, séu til staðar. Aðalgönguleið innan friðlandsins, Laugavegurinn, er nær fullsetinn yfir hásumarið. Upplifun margra gesta á svæðinu hefur minkað og væntingar sem fólk gerði til þess ekki staðist.

ÓGNIR/ Fjöldi ferðamanna og aukning í vetrarferðamennsku, slæmir vegir, fáir landverðir, fáir áningastaðir og litlir innviðir svo og viðhald þeirra reynir einna mest á þolmörk friðlandsins. Fjármagn til reksturs og viðhalds hefur verið lítið gegnum tíðina. Skortur á skipulagi, áætlunum, samstarfi og framtíðarsýn háir svæðinu og framtíð þess (óljós framtíð). Margir hagsmunaaðilar koma að svæðinu og eru hlutverk þeirra, skörun við umsjónaraðila og óljós verkaskipting einn þeirra þátta sem móta þarf.

TÆKIFÆRI/ Friðland að Fjallabaki og ástand þess hefur verið í sviðsljósinu undanfarin ár. Mikill hugur er í stjórnendum, hagsmunaaðilum, nærsamfélagi og fleirum um að bæta ástand svæðisins og móta því virka framtíð. Unnið er að stefnumótun svæðisins, rekstri þess, uppbyggingu, stækkun, endurskoðun friðlýsingarákvæða og deiliskipulagi Landmannalauga, allt aðgerðir sem munu færa svæðið til betri framtíðar. Vinnuumhverfi landvarða hefur lagast og fjármagn hefur fengist til ýmissa brýnna verkefna í friðlandinu. Vinna við stjórnunar- og verndaráætlun er í farvatninu og merkingar innan svæðis, upplýsingar og leiðbeiningar til gesta verða auknar á næstu árum. Aukin landvarsla að sumri og eftirlit að vetri er eitt að meginþáttum sem mikilvægt er að styrkja. Stefnt er að því að friðland að Fjallabaki verði fallið af rauðlista Umhverfisstofnunar innan tveggja ára ef áætlun gengur eftir og haldið verður áfram að gera talsverðar úrbætur sem enn vantar.

GEYSIR

Á Náttúruminjaskrá

STYRKLEIKAR Svæðið er sérstakt á heimsvísu og dregur að sér fjölmarga ferðamenn enda eitt þekktasta hverasvæði jarðarinnar. Stofnað hefur verið formlegt landeigendafélag fyrir svæðið. Árið 2015 var ráðinn heilsársstarfsmaður með aðsetur í Haukadal, til að annast umsjón bæði Geysis og Gullfoss. Góð þjónusta og aðstaða hefur verið byggð upp í nágrenni hverasvæðisins, til að taka á móti ferðamönnum sem þangað koma.

VEIKLEIKAR Geysissvæðið er ekki friðlýst. Vistkerfi svæðisins er mjög viðkvæmt. Jarðvegur er víða blautur og traðkast auðveldlega út. Hverahrúður skemmist þegar gengið er á því. Gróður er sérstaklega viðkvæmur á svæðinu og er landið auðrofið. Svæðið er lítið og erfitt að dreifa ferðamönnum um það. Töluvert vantar upp á fræðsluefni og skilti. Mjög litlir innviðir eru innan svæðisins.

ÓGNIR » Svæðið er meðal fjölsóttustu ferðamannastaða á Íslandi og er það heimsótt allt árið um kring. Samkvæmt nýjustu tölum Ferðamálastofu komu rúmlega 1.200.000 gestir á Geysissvæðið árið 2016. Mikil aukning er í vetrarferðamennsku á svæðinu sem kallar á nýjar áherslur í rekstri svæðisins og auknum öryggisaðgerðum. Vetrarþjónustu hefur verið sinnt, þ.á.m. söndun stíga en fylgjast þarf vel með áhrifum aðflutts efnis á hverasvæðið. Landvarsla er í lágmarki, leiðsögumenn fylgja hópum ekki alltaf um svæðið og margir gestir eru á eigin vegum. Þessir þættir gera það að verkum að lítið aðhald er með gestum svæðisins og getur aukið tilfelli þar sem ferðamenn virða merkingar og öryggislínur að vettugi. Hagsmunaárekstrar hafa komið upp vegna nýtingar svæðisins. Svæðið er ekki friðlýst. Innviðir eru ekki til staðar á köflum og veldur þetta miklum átroðningi og gróðurrofi. Nýjir hverir hafa myndast nálægt gönguleiðum.

TÆKIFÆRI » Friðlýsing. » Gerð verndaráætlunar. » Þegar liggur fyrir hönnunartillaga svæðisins og nýtt deiliskipulag fyrir svæðið var samþykkt árið 2016. Það þarf síðan að fylgja því eftir með framkvæmdum. » Ráðist hefur verið í uppbyggingu göngustíga og útsýnissvæðis á Laugarfelli til að auka upplifun gesta og dreifa álagi. Stígurinn mun tengja tjaldsvæðið á Geysi, Laugarfell og hverasvæðið sjálf með stígum. Styrkja þarf aðbúnað landvarða og aðbúnað til vetrarþjónustu. Miklu skiptir að framtíðarrekstrargrundvöllur sé til staðar og að heilsársumsjón svæðisins sé tryggð til frambúðar. Halda þarf áfram að stuðla að aukinni landvörslu en þörf er á landvörslu alla daga vikunnar, allt árið um kring á Geysissvæðinu.

HELGUSTAÐANÁMA

Auglýsing nr. 525/1975 í Stjórnartíðindum B.

STYRKLEIKAR Helgustaðanáma er ein frægasta silfurbergsnáma í heimi en þar var silfurberg grafið úr jörðu frá því á 17. öld og fram á fyrri hluta 20. aldar. Enskt heiti silfurbergs er Iceland spar og er eitt af þeim náttúrufrýrbærum sem kennt er við Ísland, enda er það fágætt á heimsvísu. Úr Helgustaðanámu kemur mest af því silfurbergi sem er að finna á söfnum víða um heim. Náman dregur að sér mikinn fjölda ferðamanna. Sveitarfélagið hefur unnið deiliskipulag fyrir svæðið í samráði við Umhverfisstofnun. Unnið er að Stórnun og verndaráætlun og umsjónarsamningi um rekstur svæðisins á milli Umhverfisstofnunar og Fjarðabyggðar. Umhverfisstofnun hefur látið framleiða tvö fræðsluskilti fyrir svæðið og einn vegvísi og stofnunin lét einnig vinna öryggisúttekt fyrir Helgustaðanámu. Í fyrra var unnið framkvæmdir á svæðinu til að bæta aðgang og öryggi gesta, þar á meðal má nefna bættu salernisaðstöðu, áningarstað og nýjan göngustíg upp að námuopum. Upphaflega var áætlað að framkvæmdum lyki haustið 2015 en tafir urðu á verkbyrjun. Framkvæmdir eru langt komið. Sveitarfélagið vonast til að fyrirhuguðum framkvæmdum verði lokið vorið 2017.

VEIKLEIKAR Svæðið hefur enn sem komið er er með engan landvarsla » Ekkert reglulegt eftirlit er með námunni og eru silfurbergskristallarnir og aðrar jarð- og menningarmínjar því með öllu óvarðar. » Umhverfisstofnun hefur ekki starfandi sérfræðing á Austurlandi eins og í öðrum landshlutum.

ÓGNIR » Mikið álag af völdum ferðamanna. » Fréttir um steinatöku færast sífellt í aukana.

TÆKIFÆRI » Bæta þarf landvarsla á svæðinu. Klára þarf stjórnunar- og verndaráætlun. » Klára þarf í framkvæmdir í samræmi við deiliskipulag til að minnka álag á svæðið og koma til móts við fjölda ferðamanna sem þangað leitar. Ljúka þarf framkvæmdum sem fyrst. » Fylgja þarf eftir þeim ábendingum sem koma fram í öryggisúttekt. » Koma þarf á virku eftirliti með svæðinu. » Klára þarf gerð umsjónarsamnings við sveitarfélagið.

REYKJANESFÓLKVANGUR

Auglýsing nr. 520/1975 í Stjórnartíðindum B.

STYRKLEIKAR Jarðfræði svæðisins er merkileg á heimsvísu en þar eru eldstöðvar af ýmsum gerðum ásamt gömlum og nýjum hraunum. Mikið er af minjum um lífshætti fólks á fyrri tímum. Svæðið er mikilvægt útivistarsvæði. Geysileg fjölbreytni er þar í jarðmyndunum, landslagi og litum, óvenjuleg vötn, fjölbreytt hraun, grösugir balar og vellir og jarðhiti með tilheyrandi litskrúði einkenna svæðið. Innan fólkvangsins eru svæði sem gætu fallið undir skilgreiningu um víðerni. Svæði á borð við Reykjanesfólkvang, svo nærri miklu þéttbýli, eru mjög verðmæt. Sett hafa verið upp upplýsingaskilti á undanförunum árum. Landvörður starfar á sumrin á vegum stjórnar Reykjavíkurfólkvangs. Sjálfboðaliðar á vegum Umhverfisstofnunar hafa unnið að margvíslegum verkefnum, m.a. við að fjarlægja rusl, í fólkvanginum í samvinnu við landvörð. Stjórn fólkvangsins kynnti stjórnaráætlun fyrir árin 2012-2022 í apríl 2012 og var unnið út frá henni árið 2013.

VEIKLEIKAR Innan fólkvangsins er að finna hverasvæði og ummyndanir sem eru mjög viðkvæmar. Landið var víða vel gróið en hefur verið ofnýtt og gróður er nú víða mjög illa farinn vegna átrodninga, ofbeitar og landeyðingar. Jarðvegseyðing er töluverð innan fólkvangsins. Ýmsir áhugahópar hafa helgað sér svæðið m.a. til torfæruaksturs og er landið víða illa farið. Svæðið er nálægt stórum þéttbýliskjörnum og fylgir því mikill ágangur. Áætlanir eru um rannsóknir og nýtingu jarðhita í samræmi við Rammaáætlun. Innan fólkvangsins eru u.þ.b. 23 námur, flestar ófrágengnar eða í notkun.

ÓGNIR » Auknar álagsskemmdir af völdum umferðar almennings og landnotkunar af ýmsu tagi. Heimsóknum utan hefðbundins ferðamannatíma fer fjölgandi. » Hellirinn Leiðarendi er undir töluverðu álagi vegna slæmrar umgengni. » Utanvegaakstur. » Borið hefur á því að verktakar og aðrir losi úrgang innan fólkvangsins. » Mikið er um að menn æfi skotfimi innan fólkvangsins. » Naðurtunga sem vex á svæðinu er talin í nokkurri hættu (LR) skv. valista NÍ. Er hún talsvert útbreidd við hverri norðan Trölladyngju.

TÆKIFÆRI » Aðvörunarskilti á Krýsuvíkurbjarg, þarfnast endurnýjunar. » Bæta má aðgengi á mörgum stöðum t.d. á Krýsuvíkurbjargi, við Húshólma, Selatanga, Leiðarenda, Kleifarvatn og við Krýsavíkurbæinn. » Afmarka þarf ýmis bílastæði innan fólkvangsins til að koma í veg fyrir utanvegaakstur. » Efla þarf fræðslu um utanvegaakstur og aukið eftirlit hefur gefið góða raun. » Halda þarf áfram vinnu við að fjarlægja óþarfar girðingar auk þess að fjarlægja rusl. » Nauðsynlegt væri að á svæðinu væri heilsárslandsvarsla. Landvörður hefur starfað á vegum stjórnar Reykjanesfólkvangs. Viðvera landvarðar hefur dregið úr akstri utan vega sem og öðrum ólöglegum athöfnum manna á svæðinu. » Skoða þarf aðgerðir til verndunar Leiðarenda og annarra hella á svæðinu. » Efla þarf fræðslu og upplýsingagjöf um fólkvanginn og náttúru- og menningarminjar innan hans. » Endurheimta þyrfti fyrra gróðurfar og styrkja þannig viðhald þeirra vistkerfa sem á svæðinu eru og stöðva jarðvegsrof. Uppræta þarf lúpínu. » Uppgræðsla á Krýsuvíkurheiði. » Deiliskipulag og framkvæmdir eru fyrirhugaðar í Seltúni.

Umhverfisstofnun metur sem svo að þó hafi verið farið í ýmsar aðgerðir innan svæðisins á undanförunum árum þá sé enn langt í land. Stofnunin vill því halda svæðinu áfram á Rauðum lista yfir svæði í hættu.

SKÓGAFOSS

Auglýsing nr. 477/1987 í Stjórnartíðindum B.

STYRKLEIKAR: Skógafoss er svipmikill 60 metra hár foss, vel þekktur og áberandi frá þjóðvegi séð. Fossinn, ásamt fossaröð í Skógaá, var friðlýstur árið 1987. Svæðið er fjölsóttur ferðamannastaður enda í alfaraleið. Innviðir hafa verið bættir innan svæðisins, t.d. með gerð útsýnispalls og stiga upp á Skógaheiði. Á Skógaheiði hefur göngustígur verið lagfærður að hluta.

VEIKLEIKAR: Skógafoss og nágrenni hans er fjölsóttur ferðamannastaður allan ársins hring. Auk þess að vera vel þekktur er fossinn í nálægð við þjóðveginn og áberandi frá honum séð. Velflestir ferðamenn sem aka framhjá fossinum staldra þar við. Innviðir s.s. bílastæði og göngustígar bera vart þann fjölda sem sækir staðinn heim. Aðgegni að Skógarheiði og fossaröðinni ofan Skógafoss varð mun auðveldara með tilkomu stiga upp með fossinum og hefur fjöldi göngumanna margfaldast þar. Er nú svo komið að göngustígar ofan Skógarfoss eru illa farnir, fjöldi villustíga og mikið traðk. Óvísst er hve margir ferðamenn sækja svæðið heim árlega.

ÓGNIR: Skortur á skipulagi, viðhald innviða og landvörslu ógnar svæðinu í dag. Með tilkomu stiga upp með Skógafossi hefur athafnasvæði ferðamanna stækkað og álagsskemmdir á göngustígum talsverðar. Mikil fjölgun ferðamanna allt árið um kring sem veldur umtalsverðu álagi, sérstaklega yfir vetratímam. Skortur á stýringu um svæðið, gera þarf meiri úrbætur á bílastæði og göngustígum. Gera þarf úttekt á stiga upp með fossinum vegna fjölgunar ferðamanna og tryggja öryggi. Skortur á landvörslu allt árið.

TÆKIFÆRI/

Gerð stjórnunar- og verndaráætlunar og vinna deiliskipulag. Halda áfram lagningu göngustígar með fossaröðinn ofan Skógafoss, loka villustígum og græða upp rofsvæði. Gera gönguleið upp að fossbrún í einni skýrri braut og fjærri austan megin við fossinn, loka villustígum í brekkunni og græað upp rofsvæði. Endurnýja og bæta fræðslu- og upplýsingaskilti, setja aðkomuskilti. Færa tjaldsvæði og bílastæði fjær fossinum. Endurskoða friðlýsingaskilmála og setja skýrari reglur um umgengni á svæðinu. Koma fyrir teljurum og meta hve margir gestir sækja svæðið heim árlega.

Umhverfisstofnun metur sem svo að svæðið fari af Appelsinugululisti á Rauðam lista yfir svæði í hættu.

MÝVATN OG LAXÁ

Mývatn og Laxá voru upphaflega vernduð með lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-pingeyjarsýslu nr. 36/1974. Ný lög um vernd Mývatns og Laxár í Suður-pingeyjarsýslu tóku gildi árið 2004 og eru nr. 97/2004.

STYRKLEIKAR

Í Mývatnssveit starfar sérfræðingur Umhverfisstofnunar sem hefur umsjón með rekstri friðlýstra svæða á norðausturlandi þ.m.t. Mývatni og Laxá. Innviðir svæðisins eru þó nokkrir og á árunum 2014 – 2015 hefur talsvert verið byggt upp á ferðamannastöðum. Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn sér um rannsóknir á lífríki svæðisins og hefur starfað frá 1974.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur unnið hart að umbótum á þeim málaflokkum sem að því snýr.

Svæðið hefur verið á lista Ramsar sem alþjóðlega mikilvægt votlendissvæði frá árinu 1977. Reglugerð um verndun Mývatns og Laxár var sett sumarið 2012 og verndaráætlun hefur verið í gildi frá 2011.

VEIKLEIKAR

Mikill fjöldi ferðamanna kemur að Mývatni. Svæðið hefur að geyma viðkvæm vistkerfi og má þar t.d. nefna búsvæði kúluskíts sem er sérstætt á heimsvísu, samspil rykmýs, fuglalífs, fiska og hornsíla ásamt jarðhitasvæðum og jarðmyndunum. Mývatn er hátt yfir sjávarmáli sem eykur viðkvæmni gróðursvæða auk þess sem jarðmyndanir eru brothættar.

Fjármagn skortir til að hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum til verndar lífríki Mývatns og Laxár.

ÓGNIR

» Kúluskítur sem er friðlýst tegund virðist vera horfinn úr Mývatni en hugsanlega gæti þetta vaxtarform þörungsins komið aftur. Talið er að næringarefnaauðgun, sem er tilkomin af mannavöldum, sé ein skýring á hvarfi kúluskíts. » Bleikja er á undanhaldi á svæðinu. » Næringarefnaauðgun má m.a. rekja til fráveitu en auka þarf hreinsun skólps vegna hins viðkvæma viðtaka sem sem vatnið er. » Mikill ferðamannastraumur setur auka álag á vistkerfi svæðisins bæði hvað varðar fráveitur og ágang á náttúruverndarsvæði.

Fjárskortur stendur aðgerðum fyrir þrifum.

TÆKIFÆRI

» Áfram þarf að styrkja innviði svæðisins, mörgum gönguleiðum er ábótavant. » Skoða má tækifæri hvað varðar hjólréiðastíga. » Auka þarf aðgengi að salernisaðstöðu. » Rannsaka þarf þolmörk svæðisins. » Tryggja þarf að vatnsgæðum sé ekki raskað. » Grípa þarf til endurheimtar á kúluskít ef hægt er. » Tryggja þarf að virkjanaáform hafi ekki áhrif á lífríki svæðisins, enda er það einstakt á heimsvísu. » Vinna þarf eftir þeim áætlunum sem fram koma í verndaráætlun og hrinda þeim verndarráðstöfunum í framkvæmd sem eru brýnastar. » Stuðla þarf að samvinnu við sveitarfélög um fráveitumál svæðisins. » Gera þarf samning við rannsóknaraðila varðandi vöktun og fyrirkomulag hennar innan verndarsvæðis Mývatns t.a.m. rannsóknir á áhrifum áburðarefna á vistkerfi Mývatns og áhrifum ferðamennsku. » (breyta) Vinna skal sérstaka aðgerðaráætlun í samvinnu við sveitarfélag og landeigendur um veiðar á tegundum sem geta haft skaðleg áhrif á verndarstöðu fuglalífs á verndarsvæðinu.

Appelsínuguli listinn

Appelsínugul svæði eru í hættu á að tapa verndargildi sínu og þarfnast aðgerða til að snúa þeirri þróun við.

Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss

Dynjandi

Dyrhólaey

Dverghamrar

Geitland

Grábrókagígur

Gullfoss

Friðlandið á Hornströndum

Kringilsárrani

Laugarás

Rauðhólar

Skútustaðagígur

Ströndin við Stapa og Hellnar

Surtarbrandsgil

DETTIFOSS, SELFOSS OG HAFRAGILSFOSS

Auglýsing 457/1996 í Stjórnartíðindum B

STYRKLEIKAR: Við Dettifoss að austan hefur nokkur innviðauppbýgging átt sér stað. Þar er malarbíllastæði, salernishús, göngustígar og upplýsingaskilti. Vatnajökulsþjóðgarður sinnir umsjón svæðisins og koma landverðir á svæðið daglega yfir sumartímann og reglulega á meðan Hólssandur er opinn.

VEIKLEIKAR: Mikill fjöldi ferðamanna sækir svæðið heim á hverju sumri. Samkvæmt talningu Vatnajökulsþjóðgarðs hefur umferð aukist mjög undanfarin. Innviðauppbýgging hefur ekki verið í takt við aukinn fjölda ferðamanna, stígar hafa troðist út og villustígar myndast út frá gönguleiðinni. Mikilvægt er að ráðast í endurbætur og aukna uppbyggingu á svæðinu.

ÓGNIR: Viðkvæmur gróður svæðisins hefur látið undan vegna mikils átroðnings. Óskýrir stígar og villustígar verða til þess að gestir svæðisins fara fram á bjargbrúnir og tefla þannig eigin öryggi í hættu þrátt fyrir að viðvörunarmerkingum hafi verið komið fyrir.

TÆKIFÆRI: Aukin landvarsla og fjármagn til endurbóta og nýframkvæmda getur bætt ásýnd svæðisins til mikilla muna og aukið öryggi gesta. Sú uppbygging sem áður hefur farið fram á svæðinu er góður grunnur undir þá uppbyggingu sem þarf að eiga sér stað.

DYNJANDI

Auglýsing nr. 348/1986 í Stjórnartíðindum B.

STYRKLEIKAR » Svæðið dregur að sér mikið af ferðamönnum enda stærsti og tilkomumesti foss Vestfjarða. Sérfræðingur Umhverfisstofnunar á Patreksfirði fer með umsjón svæðisins. Auk þess er landvörður starfandi á sunnanverðum Vestfjörðum yfir sumartímann sem fer með eftirlit svæðisins. Sjálfboðaliðar Umhverfisstofnunar hafa unnið við göngustígagerð við Dynjanda öll sumur frá 2011 og að auki voru verktakar fengnir til þess verks. Bætt hefur verið við steintröppum, lögð ræsi og stígar breikkaðir á köflum. Einnig hefur villustígum verið lokað. Ferðamönnum er því mun betur stýrt um svæðið en áður var. Gróðurheimt hefur verið í gangi undanfarin sumur og farið er að bera á árangri og gróður farinn að taka við sér. Búið er að endurnýja upplýsinga og fræðsluskilti og bæta við tveimur skiltum. Deiliskipulag fyrir svæðið var samþykkt 2014 og stjórnunar- og verndaráætlun kláruð í júní 2015. Sumarið 2016 voru settir upp tveir útsýnispalla og uppbygging og viðhald á göngustígum.

VEIKLEIKAR » Innviðir hafa verið styrktir en gríðaleg aukning gesta á svæðinu sl. ár kallar á meiri stýringu og uppbyggingu innviða. Ágætis stýring hefur náðst á för fólks um svæðið, en lokun villustíga á einum stað hefur haft áhrif annarsstaðar þar sem nýjir villustígar hafa myndast. Bílastæði við Dynjanda bera ekki lengur þann fjölda ferðamanna sem koma á svæðið yfir sumartímann. Vatnssalerni, sem eru í eigu Ísafjarðarbæjar en í umsjón Umhverfisstofnunar anna ekki lengur þeim fjölda fólks sem nýta sér þau yfir sumarmánuðina. Landvarsla er ekki nægjanleg á svæðinu.

ÓGNIR » Gróður á svæðinu er viðkvæmur fyrir traðki. Göngustígar eru á köflum í mjög slæmu ásigkomulagi. Nýjir villustígar hafa myndast. Gríðaleg aukning á fjölda ferðamanna og lenging ferðamannatímans vor og hasut.

TÆKIFÆRI » Áframhaldandi viðhald og uppbygging göngustíga og annarra innviða og aukin landvarsla til að tryggja að verndargildi svæðisins verði ekki skert eða ógnað. Aukin stýring á svæðinu með frekari lokunum á villustígum. Endurnýjun friðlýsingarskilmála fyrir náttúruvættið. Vinna við hönnun á innviðum fyrir svæðið stendur yfir og stenft á að framkvæmdir haldi áfram sumarið 2017. Sótt er árlega um fjármagn til byggingar nýs salernis. Gert er ráð fyrir að þegar framkvæmdum er lokið samkvæmt framkvæmdaráætlun svæðisins til 2020, takist að draga úr álagi og auka stýringu á svæðinu með það að markmiði að svæðið fari af appelsýnugulum lista.

DYRHÓLAEY

Auglýsing nr. 101/1978 í Stjórnartíðindum.

STYRKLEIKAR » Verndargildi svæðisins felst í landslagi og fuglalífi. Svæðið er nytjað af nytjaréttihöfum, þ.e. með dúntekju og beit. Samkvæmt auglýsingu um svæðið þá getur Umhverfisstofnun takmarkað ferðir út í Dyrhólaey á tímabilinu 1. maí til 25. júní vegna verndunar fuglalífs. Fuglafræðingur hefur árlega verið fenginn til að meta ástand fuglalífs í eyjunni m.t.t. þarfa á lokun. Svæðið dregur að sér mikinn fjölda ferðamanna. Sjálfboðaliðar á vegum Umhverfisstofnunar og starfsmenn Mýrdalshrepps hafa unnið að ýmsum verkefnum í eyinni. Þannig hafa gönguleiðir verið afmarkaðar, settar hafa verið upp girðingar og merkingar, gróður hefur verið endurheimtur og spornað hefur verið við utanvegaakstri. Með tilkomu nýrra gönguleiða á svæðinu er stýring og dreifing ferðamanna mun skilvirkari en áður. Salernisaðstaða er í byggingu á Lágey ásamt nýju bílastæði. Í kjölfar berghruns 2012 og banaslys í Kirkjufjöru 2016 hafa girðingar verið styrktar meðfram brúninni og við Kirkjufjöru, bætti við varúðarskiltum og aðgangi lokað að brúnnum og fjöru.

VEIKLEIKAR » Svæðið er viðkvæmt en þolir mikinn fjölda ferðamanna séu sterkir innviðir fyrir hendi. Mikil umferð ferðamanna um ekki stærra svæði setur talsvert álag á stígakerfið sem sífellt þarf að huga að. Úttekt á fuglalífi í eyinni gefur til kynna að öllum tegundum sem taldar voru hefur fækkað verulega frá aldamótum. Að mati fuglafræðinga er að verulegu leyti um að kenna fæðuskorti í hafi.

ÓGNIR » Álag á Dyrhólaey af völdum ferðamanna er töluvert en þó er búið að ná að stýra umferð að mestu og álag því svæðisbundið. Í Mýrdal hafa verið deilur um málefni friðlandsins Öryggi ferðamanna er enn ábótavant, brattir hamraveggir sem kunna að reynast hættulegir fari ferðamenn óvarlega. Úttekt á hrinhættu hefur verið framkvæmd. Talsverðar úrbætur verið gerðar og hafa öryggisgirðingar og varúðarskilti verið sett upp. Vegurinn upp á Háey er í slæmu áskigkomulagi og þarfnast úrbóta, leggjaþarf bundið slitlag á veginn. Veruleg fækkun er á fugli í eyinni. Lágflug þyrlna og notkun flygilda er algengt.

TÆKIFÆRI » Salernishús á Lágey og nýtt bílastæði. Stýring á umferð, bæði vélknúinni og umferð gangandi vegfarenda. Sátt um stjórnun friðlandsins þarf að ríkja milli aðila. Áframhaldandi úrbætur í öryggismálum og upplýsingagjöf. Gera þarf vöktunaráætlun til að vakta grunnþætti lífríkis í eyjunni auk áhrifa ferðamanna á friðlandið. Aukin landvarsla allt árið um kring. Afmarka þyrfti enn betur útlínur vega og koma í veg fyrir utanvegaakstur. Miklar úrbætur hafa verið gerðar í innviðum, stígum, skiltum o.s.frv. Má þó bæta enn frekar. Stýring og dreifing gangandi ferðamanna hefur breyst til batnaðar en bæta þarf stýringu á bílaumferð og takmarka fjölda bíla í eyjunni í samræmi við fjölda bílastæða.

DVERGHAMRAR

Auglýsing um friðlýsingu Dvarghamrar á Síðu. nr. 446/1987 St. tíð. B. Sérprentun nr. 501.

STYRKLEIKAR » Dverghamrar voru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1987. Sérkennilegir og fagurformaðir stuðlabergshamrar. Ofaná stuðlunum er víða svokallað kubbaberg. Þegar sjávarborð lá hærra við ísaldarlok hefur hafaldan sett mark sitt á lögun hamranna. Stærð náttúruvættisins er 2,14 ha. Búið er að leggja göngustíg á hluta svæðisins og koma á stýringu á þeim kafla.

VEIKLEIKAR » Takmörkuð stýring á umferð. Óskipulagðir gönguslóðar hafa myndast í gegnum tíðina með vaxandi umferð. Þrátt fyrir að Umhverfisstofnun hafi gripið til aðgerðar með að setja kaðal og tákmyndum, fólk gengur utan stíganna. Heilsársferðamenska fer vaxandi og nær svæðið ekki að jafna sig eftir sumartímam, þegar hvað flestir heimsækja svæðið. Engin regluleg landvarsla á svæðinu. Stjórnunar- og verndaráætlun hefur ekki verið unnin fyrir svæðið.

ÓGNANIR » Mikil aukning ferðamanna allt árið um kring. Árið 2016 voru gerðar bætur á göngustíg en töluverðra úrbóta er enn þörf. Gróður treðst niður og nær ekki að vaxa vegna ágangs og við það hafa myndast gróðurlaus svæði. Í rigningu verða göngustígar að drullusvaði þar sem ekki hefur verið farið í framkvæmdir. Fólk gengur þá utan þeirra og við það treðst landið enn frekar niður. Með aukinni ferðamensku allt árið fær svæðið ekki tíma til að jafna sig. Umgengi er stundum ábótavant, talsvert af rusli.

TÆKIFÆRI » Þótt svæðið geti ekki tekið á móti miklum fjölda ferðamanna, þá þarf að stýra umferð betur og bæta göngustíg. Með frekari aðgerð á innviðum svo sem góðum göngustígum og stýringu eru góðar líkur á því að ná svæðinu fjótlega af appelsínugula listanum. Efla þarf landvörslu og endurnýja og bæta upplýsinga- og fræðsluskilti á svæðinu.

GEITLAND

Auglýsing nr. 283/1988 í Stjórnartíðindum B.

Styrkleikar. Svæðið er fallett með fjölbreyttu landslagi og gróðurfari. Hálendissvæði með góðu aðgengi. Mjög mikilvægt er að halda í þá sérstöðu. Þó nokkur umferð er um friðlandið. Megnið af friðlandinu ver sig sjálft vegna jökuláa, en göngufólk getur þó gengið um svæðið. Landvörður á Vesturlandi hefur eftirlit með svæðinu yfir sumartímenn. Veturinn 2014-2015 setti Vegagerðin nýja brú yfir Geitá og breikkaði veginn. Sumarið 2014 voru sett upp skilti sem banna umferð á slóða sem myndaðist eftir að vatnsbílar sóttu vatn í Geitá til að bera á vegi á svæðinu. Náttúrustofa Vesturlands gerði gróðurfarsúttekt á Húsafellsskógi og Geitlandi árið 2010. Þar er lagst gegn breytingum á friðun svæðisins og lagt til að svæðið verði friðað fyrir beit eins og verið hefur.

Veikleikar. Takmarkaðir innviðir eru til staðar til að taka á móti ferðafólki. Svæðið er heldur úr alfaraleið og því kostnaðarsamt að hafa eftirlit með friðlandinu. Töluverð olíumengun á jarðvegi varð hjá ferðapjónustuaðila við Jaka fyrir nokkrum árum. Jarðvegur var fjarlægður af svæðinu og settur skeljasandur í staðinn. Nauðsynlegt er að skoða þá aðgerð og hugsanlega útfæra betur, því enn er megn olíufnykur á svæðinu.

Ógnanir. Álag hefur aukist gríðarlega á svæðinu með auknum straumi ferðamanna og afþreyingarþjónustu sem er þar í boði s.s. jökla-, hundasleða- og vélsleðaferðir. Ferðast er um á svokölluðum Super Trucks. Á árinu var farið að bjóða upp á ferðir inn í jökulinn en göng voru gerð inn í hann veturinn 2014-2015. Fyrirtækið *Into the glacier* sem býður upp á þær ferðir fékk leyfi fyrir nýju bílaplani, móttökuhúsi og salernum rétt fyrir neðan Jaka. Slæm umgengni hefur einkennt svæðið hin seinustu ár og er enn því miður ekki til sóma. Enn er þó nokkuð um rusl innan friðlandsins. Þrátt fyrir skotveiðibann finnast enn haglabyssuskot á svæðinu. Ummerki eru um utanvegaakstur. Óheimilt er að hafa fé í friðlandinu en landvörður verður nokkuð var við kindur. Töluvert er af lúpínu í og við friðlandið. Aukin landvarsla í friðlandinu allt árið um kring er nauðsynleg. Með þeirri miklu umferð sem fyrirsjáanleg er á næstu árum er hætt við að svæðið láti verulega á sjá verði ekkert að gert og að það verði rauðlistasvæði.

Tækifæri. Gerð verndaráætlunar og ramma- og eða deiliskipulags. Landvarsla allt árið. Stikun gönguleiða. Hugsanleg göngubrú inn í Þjófadali. Fjarlægja þarf ónýtar girðingar í friðlandinu. Fjarlægja þarf lúpínu og fylgjast vel með henni. Efla þarf fræðslu um svæðið. Áframhaldandi vöktun og gróðurfarsúttekt Náttúrustofu Vesturlands. Taka þarf allt svæðið til gagngerrar endurskoðunar og bæta þarf umgengni. Samráð og samvinna þarf að vera á milli þeirra sem svæðið nýta, Umhverfisstofnunar og sveitarfélagsins. Ganga þyrfti til samninga við þá sem reka ferðapjónustu á svæðinu.

GRÁBRÓKARGÍGAR

Auglýsing nr. 216/1975 í Stjórnartíðindum B. Fyrst lýst náttúruvætti árið 1962.

Styrkleikar. Gígarnir þrír eru gjall- og klepragígar á sprungu og er Grábrók gjallgígur. Gígarnir eru vinsælir meðal ferðamanna og einnig laða þeir að sér nemendur frá Bifröst til útivistar. Landvörður á vegum Umhverfisstofnunar sinnir Vesturlandi yfir sumartímum, þ.á.m. Grábrókargígasvæðinu. Lokið var við að byggja palla alla leið uppá Grábrók sumarið 2015. Gönguleiðir hafa verið afmarkaðar, lagfærðar og merktar, komið er upplýsingaskilti á svæðið, villandi stígum hefur verið lokað, tröppur voru lagaðar og mikið rusl hefur verið fjarlægt af svæðinu síðustu sumur.

Veikleikar. Viðkvæmar jarðmyndanir og gróðursamfélög. Svæðið er opið fyrir umferð allt árið enda staðsett við hringveginn. Villandi stígar eru enn að myndast þrátt fyrir að landvörður loki þeim jafnóðum og svæðið sé vel merkt. Landvarsla er ekki nægjanleg.

Ógnanir. Mikið álag er á svæðinu, fjöldi gesta mikill og það hefur troðist niður. Tilkoma háskólaborps á Bifröst jók álag á svæðið auk þess sem ferðamönnum hefur fjölgað allt árið um kring. Borið hefur á því að fólk tíni grjót úr Grábrókinni. Gestir á svæðinu hlaða vörður. Búfenaður gengur um viðkvæm svæði. Hópsamkomur, þar sem jafnvel nokkur hundruð manns fara í hópum upp gígana, hafa verið haldnar. Ritað hefur verið í mosann (mosi rifinn). Margir gamlir stígar setja neikvætt útlit á svæðið. Salernismál eru í ólestri og gengur fólk örna sinna við bílastæðið og víðar um hraunið.

Tækifæri. Gerð verndaráætlunar. Sjálfbóðaliðar hafa unnið að því að afmá eldri gönguleiðir sem setja ljótan svip á gígana og endurheimta þeirra náttúrulega útlit. Halda þarf því áfram og einnig vinnu við að endurheimta mosa á Grábrókarfelli. Halda þarf áfram með lagfæringar á göngustígum og pöllum og bæta merkingar og setja upp fræðslu- og leiðbeiningaskilti. Bera þarf á palla. Tengiliður þyrfti að vera á Bifröst. Telja þyrfti ferðamenn á svæðinu en ekki er vitað hve margir koma þangað árlega. Landvarsla er nauðsynleg allt árið um kring. Niðurstaða þarf að komast í salernismál við Grábrók.

GULLFOSS

Auglýsing nr. 141/1979 í Stjórnartíðindum B.

STYRKLEIKAR Innviðir hafa verið bættir og styrktir, göngustígar lagaðir og girtir af. Fræðslu um svæðið er miðlað á greinargóðum skiltum sem eru aðgengileg gestum svæðisins. Göngupallur liggur frá bílastæði á neðra plani, fram á útsýnisstað og niður að göngustíg sem liggur að Gullfossi og þar með hefur aðgengi hreyfihamlaðra einnig verið bætt. Árið 2013 stóð Umhverfisstofnun fyrir hugmyndasamkeppni um framtíðarhugmyndir um uppbyggingu á Gullfosssvæðinu í samstarfi við Arkitektafélag Íslands, sveitarfélag og landeigendur, með styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamanna. Unnið er samkvæmt vinningstillögu að bætingu innviða og stýringu ferðamanna. Byggðir hafa verið göngupallar og þeir pallar sem voru fyrir hafa verið lagaðir og styrktir. Byrjað var á að byggja nýjan stiga á milli efra og neðra svæðis vorið 2016 og verður hann tekin í notkun í maí 2106. Öryggisúttektir hafa verið unnar á svæðinu þar sem fram komu margar góðar ábendingar um öryggi ferðamanna, bæði hvað varðar fallhættu og mögulegt berghrun. Gróðursvæði hafa verið girt af til verndar gróðri. Með því að styrkja göngustígakerfi svæðisins og setja upp fleiri fræðsluskilti fyrir ferðamenn hefur tekist að stýra enn frekar umferð um svæðið. Færri ganga nú utan stíga en áður og lítur svæðið í heild sinni mun betur út þar sem ágangur á náttúru Gullfosssvæðisins er minni en hefur verið. Landvarsla hefur verið aukin, því heilsársstarfsmaður var ráðinn á Gullfoss og Geysi árið 2015. Gullfoss sjálfur verður fyrir litlum áhrifum vegna fjölda ferðamanna en nærsvæði hans og gróður í kring um fossinn bera merki ágangs.

VEIKLEIKAR Svæðið er oft og tíðum mjög blautt vegna vatnsúða frá fossinum og því viðkvæmt fyrir ágangi ferðamanna. Gróðurrof er lengi að jafna sig enda friðlandið við jaðar hálandisins og vaxtatími gróðurs stuttur. Svæðið er afar fjölsótt, svo sem fyrr segir. Miklar vetrarhörkur einkenna svæðið.

ÓGNIR » Gullfoss laðar að sér mikinn fjölda ferðamanna enda hluti af fjölsóttustu hringleið landsins, Gullna hringnum. Árið 2016 heimsóttu Gullfoss um 1,2 milljónir ferðamanna, samkvæmt tölum frá Ferðamálastofu. Á svæðinu er mikið álag af völdum ferðamannastraums og er því mikilvægt að ná vel utan um stýringu ferðamanna. Ferðamenn virða oft hvorki merkingar né öryggislínur. Svæðið er mjög opið og algengt að ferðamenn leitist við að ganga nálægt brúnum. Innviðir svæðisins anna ekki alltaf þeim fjölda ferðamanna sem þar fer um. Gróðurrof getur myndast á mjög stuttum tíma ef fólk gengur utan stíga og eru slík rof lengi að jafna sig. Grjóthrunshætta er á svæðinu, sér í lagi fyrir ofan stíginn niður að fossinum sjálfum. Vetrarferðamennska hefur stóraukist og stefnir í enn meiri aukningu. Henni fylgja auknar áskoranir en mikil hálkuhætta og erfiðar vetraraðstæður eru á svæðinu á sama tíma og ferðamenn eru oft vanbúnir til vetrarferðamennsku. » Leiðsögumenn fylgja hópum ekki um svæðið nema í undantekningartilvikum. Landvarsla er í lágmarki. Umgengni um svæðið er almennt slæm.

TÆKIFÆRI » Deiliskipulag hefur verið samþykkt og þarf að framkvæma í takt við það. Halda þarf áfram með viðhald og uppbyggingu svæðisins. Framundan eru endurbætur á útsýnispöllum og göngustígum. Þó mikið hafi verið gert varðandi öryggismál og merkingar þarf þó stöðugt að laga og bæta við. Laga þarf aðkomu svæðisins og stuðla að betri umgengni innan þess. Einnig þarf að koma upp innkomuskiltum. Vinna við verndaráætlun svæðisins er hafin og lýkur árið 2017. Með aukinni landvörslu er hægt að efla fræðslu og forvarnir innan svæðisins. Mikil tækifæri liggja í dreifingu ferðamanna um svæðið en lagfæra þarf þó slóða innan friðlands, t.d. þá sem liggja meðfram Hvítá og gamla Gullfossveginn. Styrkja þarf verulega aðbúnað landvarða og aðbúnað til vetrarþjónustu. Auka þarf verulega við landvörslu, því þörf er á landvörslu alla daga vikunnar, allt árið um kring á svæðinu.

STYRKLEIKAR - Friðlandið á Hornströndum er staðsett á norðanverðum Vestfjörðum og er eitt höfuðeinkenna þess hve afskekkt það er og lítið mótað af umsvifum og ágangi manna. Meðal annarra

einkenna svæðisins eru mikilfengleg fuglabjörg, búsvæði sjófugla og menningarminjar sem standa sem minnisvarðar um tíðaranda og búsetuhætti sem liðnir eru undir lok. Þá hefur friðland á Hornströndum öðlast það einkenni í seinni tíð að vera einn af fáum stöðum á Íslandi þar sem heimskautarefurinn er friðaður.

Sérfræðingur Umhverfisstofnunar á Ísafirði fer með umsjón svæðisins. Auk þess er landvörður starfandi yfir sumartímann sem fer með eftirlit svæðisins. Sjálfboðaliðar Umhverfisstofnunar hafa komið að fjölmörgum verkefnum innan friðlandsins, þar sem viðhaldi gönguslóða og innviða hefur verið sinnt. Einnig hefur sérfræðingur í fornri grjóthleðslu verið fenginn til þess að stýra verkefnum sem lúta að viðhaldi og endurgerð hlaðinna varða innan svæðisins. Búið er að endurnýja upplýsinga- og fræðsluskilti og efla upplýsingagjöf og samráð við ferðapjónustuaðila varðandi verndargildi svæðisins. Stjórnunar- og verndaráætlun er í vinnslu og áætlað er að ljúki seinni hluta árs 2017.

VEIKLEIKAR - Takmarkaðir innviðir eru til staðar til að taka á móti ferðafólki. Svæðið er óaðgengilegt mestan hluta árs og er því kostnaðarsamt að hafa eftirlit með friðlandinu. Stígar á Hornströndum eru fáir og oft óljósir en helstu leiðir eru varðaðar. Þokusælt er á svæðinu og stundum vandratað. Ár geta verið erfiðar yfirferðar í miklum vatnaveðrum og talsverður snjór er á hálendi svæðisins allt árið um kring. Innviðir hafa verið styrktir en aukning gesta á svæðinu sl. ár kallar á meiri stýringu og eflingu.

ÓGNIR - Gróður á svæðinu er ákaflega viðkvæmur fyrir ágangi. Gönguslóðar eru fljótir að spillast í votviðri og á vorin og haustin. Mikil aukning fjölda ferðamanna og lenging ferðamannatímans vor og haust ógnar götum/slóðum, gróðri og lífríki.

TÆKIFÆRI - Áframhaldandi viðhald gönguslóða og annarra innviða. Aukin landvarsla til að tryggja að verndargildi svæðisins skerðist ekki. Aukin stýring á ferðapjónustu með mögulegri takmörkun á fjölda einstaklinga. Árlega er sótt um fjármagn til framkvæmda á móttöku og salernisaðstöðu innan svæðisins. Með gerð stjórnunar- og verndaráætlun leitast við að draga úr álagi og auka stýringu á svæðinu með það að markmiði að ferðamennska innan friðlandsins verði sjálfbær og í sátt við landeigendur.

KRINGILSÁRRANI

Auglýsing nr. 181/2003 í Stjórnartíðindum B.

STYRKLEIKAR Umhverfisstofnun og Vatnajökulsþjóðgarður undirrituðu umsjónarsamning fyrir svæðinu. Raninn er búsvæði hreindýra og heiðagæsa. Í friðlandinu eru merkilegar minjar um jökulframrásir og jökulhop Brúarárjökuls og liggja svokallaðir hraukar yfir ranann þveran. Mest áberandi er jökulgarðurinn frá 1890, Töðuhraukar. Raninn er um leið sérstæð og gróin landspilda, all víða eru votlendi og tjarnir og sérkennilegar þyrpingar af hattsvæppum. Svæðið er tiltölulega vel varið fyrir ágangi ferðamanna og eru þar engir innviðir tengdir ferðamennsku. Náttúrustofa Austurlands og Náttúrufræðistofnun Íslands fylgjast með hreindýrum og heiðagæsum. Náttúrustofa Austurlands er með gróðurreiti í Kringilsárrana sem eru hluti af langtíma vöktunarverkefni þar sem fylgst er með gróðurbreytingum vegna Háslóns.

Samkvæmt friðlýsingu er Kringilsárrani hreindýrafriðland og er allt jarðrask í rananum bannað, svo og gróðurskerðing eða röskun á dýralífi. Kringilsárrani gegnir sögulega miklu hlutverki sem griðastaður hreindýra á Íslandi. Rannsóknir Náttúrustofu Austurlands sýna að hreindýrum hefur fækkað talsvert í rananum síðan framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun hófust, en skortir rannsóknum til að fullyrða um orsakir þess. Á árum áður voru venjulega 200-300 dýr í rananum en við talningu vorið 2015 fundust þar aðeins 10 kýr. Dýr sem áður sóttu í Kringilsárrana virðast vera farin að leita annað. Heiðagæs hefur aftur á móti fjölgað og var gæsabeit áberandi mikil í rannsóknarferð Náttúrustofu Austurlands vorið 2015.

VEIKLEIKAR Við gerð Háslóns gekk nokkuð á gróðurlendi Kringilsárrana og veldur lónið nú landbroti og áfoki í rananum. Rannsóknir Landgræðslunnar á landbroti meðfram bökkum Háslóns árin 2013 og 2015 sýna að landbrot mælist á stórum hluta strandlengjunnar, þar af mikið landbrot á tæplega 28% rannsóknarsvæðisins. Á sumum svæðum eru hátt í tveggja metra rofabörð, landbrot greinilega mjög virkt og ekki útlit fyrir að það stöðvist. Niðurstöður rannsókna sýna að landbrot hefur aukist á milli ára og er enn mjög mikið þar sem það var mest árið 2013.

Landgræðslan telur því landbrot vera viðvarandi vandamál í Kringilsárrana og að vakta verði svæðið og taka út ástand þess reglulega.¹ SE Rannsóknir Landgræðslunnar sýna ennfremur að á ákveðnum svæðum í Kringilsárrana er gróðurþekja við strönd Háslóns á hröðu undanhaldi vegna áfoks og mikilla breytinga að vænta á gróðurfari vegna þess. Landgræðslan telur nauðsynlegt að bregðast við með öllum ráðum til að fjarlægja efni sem borist hefur yfir gróður á svæðinu og vinna að því að hefta frekara áfok.² Erfitt er að hefta gróðureyðingu á hálendi Íslands eftir að hún hefst og því má búast við breytingum á vistfræði svæðisins með viðvarandi landbroti.

Síðan árið 2013 landbrot í Kringilsárrana er komið inn fyrir verndarlínu á stuttum kafla og líklegt að það nái lengra inn á verndaða svæðið ef ekki verður gert. Landbrotið er ennþá mjög virkt þar sem jarðvegur er þykkur í Kringilsárrana og óvíst er hve lengi það mun éta sig inn eftir rananum. Þó mun koma að því að landbrot nái vel upp fyrir lónshæðina og aldan í Háslóni hætti því að hafa áhrif, en landbrot í Kringilsárrana má eingöngu rekja til Háslóns.

¹ <http://gogn.lv.is/files/2014/2014-003.pdf>

ásamt skýrslu frá 2015 sem ekki hefur birst á netinu.

² <http://www.sjalbbaerni.is/media/visar/austurland/umhverfi/2014-094.pdf>

<http://www.sjalbbaerni.is/media/visar/austurland/umhverfi/2014-121.pdf>

ÓGNIR » Landbrot, sandfok og uppblástur vegna áhrifa frá Háslóni. Engar aðgerðir til að stemma stigu við landbroti. » Verndaráætlun fyrir svæðið enn í vinnslu.

TÆKIFÆRI » Klára stjórnunar- og verndaráætlunar. Stofnaður hefur verið samráðshópur um gerð hennar en vinna hefur farið hægt. » Vöktun á foki og jarðvegseyðingu og aðgerðir í kjölfar þess. Áfoksvarnir hafa skilað nokkrum árangri. » Vöktun vegna breytts beitarálags. » Aukin landvarsla og eftirlit. » Mögulegar aðgerðir til að stemma stigu

Kringilsárrani hefur verið á appelsínugula listanum í þau þrjú skipti sem rauðalistaskýrsla Umhverfisstofnunar hefur komið út, árin 2010, 2012 og 2014.

Áhrif Háslóns á vistkerfi Kringilsárrana koma skýrar í ljós eftir því sem líður frá byggingu Kárahnjúkavirkjunar og rannsóknir á svæðinu sýna fram á viðvarandi ógn við afkomu þess. Þær ógnir sem steðjað hafa að Kringilsárrana og valdið því að svæðið er á appelsínugula lista Umhverfisstofnunar eru enn til staðar og hafi ágerst frekar en hitt.

Í ljósi þessa, á árinu 2016 mun Umhverfisstofnun athuga hvort Kringilsárrani muni eiga heima á rauða listanum í framtíðinni frekar en appelsínugulu, enda sé veruleg hættu á því að Kringilsárrani tapi verndargildi sínu, en það felst ekki síst í jarðvegi og gróðurþekju svæðisins. Framtíð heiðagæsa og hreindýrastofns í Kringilsárrana er óljós og þar með áhrif beitar á ranann.

LAUGARÁS (fer af lista)

Auglýsing nr. 41/1982 í Stjórnartíðindum B.

STYRKLEIKAR Verndargildi svæðisins er jökulrispað berg og er svæðið dæmi um ísaldarminjar. Sumarið 2012 fékk Umhverfisstofnun til liðs við sig sérfræðinga frá Háskóla Íslands til að taka út svæðið. Merkt voru inn þau svæði sem æskilegt er að hreinsa gróður af til að varðveita verndargildi svæðisins. Sjálfboðaliðar Umhverfisstofnunar, í samvinnu við Reykjavíkurborg, hafa afmarkað göngustíga og unnið að grisjun góðurs árin 2013 og 2014. Í skýrslu náttúruverndarnefndar Reykjavíkur kemur fram að borgin hafi framkvæmt ítarlega úttekt á ástandi svæðisins og metið verndargildi þess sumarið 2013. Reykjavíkurborg setti upp nýtt fræðsluskilti í byrjun árs 2014. Verndar og stjórnunaráætlun var unnin fyrir svæði 2015.

VEIKLEIKAR Svæðið er á fjölförnum stað í miðju íbúðahverfi. Engir eiginlegir innviðir, svo sem göngustígar, eru innan friðlandsins en þó hafa orðið til stígar um svæðið sem ekki eru þó skipulagðir m.t.t. þeirra minja sem er að finna á svæðinu.

ÓGNIR » Lúpína og annar garðagróður hefur að mestu leyti kæft þær jökulmyndanir sem er að finna innan hins friðlýsta svæðis. » Svæðið er fjölsótt og sífellt þarf að huga að umgengni.

TÆKIFÆRI » Vinna þarf áfram að upprætingu framandi tegunda og ná fram þeim jökulminjum sem gera svæðið sérstakt. » Viðhalda þarf göngustígum.

Reykjavíkurborg lét gera ítarlega úttekt á svæðinu sumarið 2013. Í kjölfarið var unnin verndar- og stjórnunaráætlun árið 2015. Umsjónarsamningur milli Umhverfisstofnunar og Reykjavíkurborgar var gerður samhliða.

Við úttekt á ástandi svæðisins var gróður kortlagður. Ljóst er að gróskumikill holtagróður sem einnkenndi svæði áður fyrr hefur hörfað og á svæðið mjög í högg að sækja vegna ágangs lúpínu og birkis. Samhliða hefur gróðurþekja hulið stóran hluta þeirra jökulminja sem er að finna á svæðinu.

Í friðlýsingunni er tiltekið að stefna skuli að verndun gróðurs sem einkennt hefur Laugarás. Er því ljóst að svæðið á en í hættu að missa verndargildi sitt verði ekki gripið til aðgerða. Ástandið hefur þó ekki versnað og leggur Umhverfisstofnun því til að svæðið haldi stöðu sinni á appelsínugula listanum.

RAUÐHÓLAR

Auglýsing nr. 185/1974 í Stjórnartíðindum B.

STYRKLEIKAR Svæðið er safn gervigíga og er vestasti hluti þess óraskaður en áður hafði verið gengið á gervigígana. Töluvert af reiðleiðum eru á svæðinu og Reykjavíkurborg hefur víða sett upp skilti við áningarstaði hestamanna. Enn má sjá minjar stríðsáranna inni á svæðinu, en þær hafa ekki verið merktar.

VEIKLEIKAR Svæðið er mikið notað af hestamönnum yfir vetrartímann og hestastígar virðast vera að breikka og troðast út, sér í lagi þar sem jarðvegur er moldarkenndur eða pollar myndast í reiðstígum. Svæðið er mjög aðgengilegt og oft er losað rusl á bílastæðum og inni á svæðinu.

ÓGNIR: Mikið rusl safnast fyrir á svæðinu. » Svæðið er á vatnsverndarsvæði og nálægt vatnstökusvæði. » Enn er eitthvað um að fólki aki inn á svæðið og keðjur til að loka vegum séu virtar að vettugi. » Reiðleiðum hefur verið haldið við en merkingar fyrir reið- og gönguleiðir vantar. » Upplýsingaskilti eru í nokkuð góðu ástandi en fræðsluskilti vantar t.a.m. fyrir minjar. » Töluvert er um að girðing sem ver svæðið að austanverðu sé brotin. » Lúpína er komin inn á svæðið og sést hefur stök planta af tegundinni bjarnarklól.

TÆKIFÆRI » Gerð verndaráætlunar. » Hreinsa þarf rusl af svæðinu reglulega. » Uppræta þarf bjarnaklóna og halda lúpínu í skefjum eins og frekast er unnt. » Auka þyrfti umsjón með svæðinu, sér í lagi yfir sumartímann » Merkja þyrfti gönguleiðir og reiðleiðir. » Merkja þyrfti minjar í samráði við Fornleifavernd ríkisins. » Auka þarf fræðslu og upplýsingar á svæðinu. » Svæði er heppilegt til útivistar og hestamennsku svo dæmi séu tekin. » Samstarf við framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu hvað varðar sjálfböðavinnu á friðlýstum svæðum. » Fyrirhugað er að gerður verði umsjónarsamningur við Reykjavík. » Hafin var vinna við úttekt á ástandi svæðisins á vegum borgarinnar ásamt kortlagningu á gróðurfari. » Útbreiðsla lúpínu verði kortlögð sérstaklega.

Reykjavíkurborg vinnur að úttekt á ástandi svæðisins. Litlar breytingar hafa orðið á svæðinu frá árinu 2014. Leggur Umhverfistofnun því til að svæðið haldi stöðu sinni á appelsínugula listanum.

SKÚTUSTAÐAGÍGAR

Auglýsing nr. 399/1973 í Stjórnartíðindum B. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda útlit gíganna og gera þá aðgengilega sem og að standa vörð um nýtingarrétt landeigenda. Um er að ræða einstaklega formfagra og gróna gíga sem að mestu eru ósnortnir. Svæðið er nytjað af landeigendum.

STYRKLEIKAR

Umhverfi gíganna hefur verið deiliskipulagt. Mikil uppbygging innviða hefur átt sér stað við Skútustaðagíga árin 2014 – 2016. Landvarsla er við gígana einkum yfir sumartímann auk þess sem sérstakt eftirlit er með svæðinu á jaðartímum þegar gróður er hvað viðkvæmastur.

VEIKLEIKAR

Gígarnir, þó grónir séu, eru viðkvæmar jarðmyndanir sem eru undir miklum ágangi ferðamanna allt árið um kring. Viðkvæmir gjallgígarnir láta verulega á sjá ef gengið er utan gönguleiða auk þess sem gróður er viðkvæmur á vissum árstímum. Landvarsla er ekki nægjanleg utan sumartíma.

ÓGNIR

» Mikil og sívaxandi umferð ferðamanna. » Ferðamenn sækja svæðið allt árið um kring. Skortur á landvörslu utan sumartíma.

TÆKIFÆRI

» Áframhaldandi skipulagning aðkomu að svæðinu. » Gerð verndaráætlunar. » Auka landvörslu, ekki síst utan háannatíma. » Uppsetning salernisaðstöðu » Þolmarkagreining » Auka upplýsingagjöf til ferðamanna. »

STRÖNDIN VIÐ STAPA OG HELLNA

Auglýsing nr. 284/1988 í Stjórnartíðindum B.

Styrkleikar. Hellnahraun rann úr gíg nærri Jökulhálsi, sem nú er hulinn jökli. Talið er að hraunið sé um 3900 ára gamalt. Margar fagrar og sérkennilegar bergmyndanir eru meðfram ströndinni. Þar hafa sérstæðar klettmyndanir mótast af briminu og gjár sem ágangur sjávar hefur grópað í bergið. Fuglalíf er ríkulegt á þessum slóðum. Ströndin var fyrrum mikil verstöð enda gott lægi fyrir báta. Óheimilt er að raska jarðmyndunum, trufla fuglalíf og skerða gróður. Þá er óheimilt að tjalda í friðlandinu en tjaldsvæði er á Arnarstapa. Umhverfisstofnun stuðlar að því í samráði við landeigendur og aðra, sem eiga hlut að máli, að sögulegum minjum sé viðhaldið.

Veikleikar. Dregið var á tímabili úr landvörslu á svæðinu sökum niðurskurðar. Uppbygging innviða hefur verið hægt vegna fjárskorts. Verndaráætlun hefur ekki verið unnin fyrir svæðið og deiliskipulag liggur ekki fyrir. Stýring umferðar hefur því verið takmörkuð og óskipulagðir gönguslóðar hafa myndast með vaxandi umferð. Fólk gengur utan stíganna, nálægt björgum og inná varpsvæði fugla (kríunnar). Heilsársferðamennska fer vaxandi og nær svæðið ekki að jafna sig eftir sumartímum, þegar hvað flestir heimsækja svæðið.

Ógnanir. Gríðarleg aukning ferðamanna á sumrin á fáum árum hefur gert það að verkum að það stórsér á svæðinu. Undanfarin tvö ár hafa verið gerðar bætur á nokkrum stígum en töluverðra úrbóta er enn þörf. Gróður treðst niður og nær ekki að vaxa vegna ágangs og við það hafa myndast gróðurlaus svæði. Í rigningu verða göngustígar að drullusvaði. Fólk gengur þá utan þeirra og við það treðst landið enn frekar niður. Öryggi ferðamanna er ógnað þar sem göngustígar hafa myndast nálægt hættulegum björgum. Einnig gengur fólk inná varpsvæði kríunnar. Með aukinni ferðamennska á veturna (Ísland allt árið) fær svæðið ekki tíma til að jafna sig eftir sumarið.

Tækifæri. Hluti friðlýsta svæðisins á Arnarstapa getur tekið á móti gríðarlegum fjölda ferðamanna sem hafa tækifæri til að njóta einstakrar náttúru þó þeir stoppi stutt við. Þjónusta við ferðamenn hefur vaxið á útjöðrum friðlandsins. Sumarið 2015 var gert átak í að loka villandi stígum og þar sýndu aðgerð strax árangur. Með frekari uppbyggingu á innviðum svo sem góðum göngustígum og útsýnispöllum eru nokkuð góðar líkur á því að ná svæðinu strax af rauða listanum. Gera þarf verndaráætlun fyrir svæðið. Deiliskipulag er í vinnslu. Efla þarf landvörslu og endurnýja og bæta þarf upplýsinga- og fræðsluskilti á svæðinu.

SURTARBRANDSGIL

Auglýsing nr. 103/1975 í Stjórnartíðindum B.

STYRKLEIKAR: Svæðið er dýrmætt vegna setlagabrota sem þar finnast með steingervingum úr surtarbrandslögum og er vitnisburður um gróðurfar og loftslagsaðstæður sem ríkja ekki lengur hér á landi. Svæðið er mikilvægt fyrir rannsóknir, en aldursgreiningar á blágrýtishraunlögunum í Surtarbrandsgili gefa til kynna að aldur þeirra liggi á bilinu frá 9,1 – 11,9 milljónum ára. Náttúruupplifun og jarðminjar gera svæðið sérstakt. Samkvæmt auglýsingu er bannað að fara í gilið nema með leyfi ábúenda.

Landvörður hefur haft aukið eftirlit með svæðinu seinustu sumur og skipulagðar ferðir eru í gilið í fylgd landvarðar yfir sumartímann. Nokkur skilti hafa verið sett upp á svæðinu með upplýsingum og fræðslu til ferðamanna og settir hafa verið upp sýningarkassar með sýnishornum af steingervingum og surtarbrandi. Að auki hafa verið sett upp hlið til varnar því að ferðamenn fari í gilið án leyfis. Göngustígur í gilið hefur verið bættur. Villandi upplýsingar í erlendum ferðahandbókum um að leyfilegt sé að fjarlægja steingeringa úr gilinu hafa verið fjarlægðar úr endurnýjuðum útgáfum. Búið er að setja upp gestastofu um Surtarbrandsgil á Brjánslæk þar sem til sýnis eru steingeringar úr gilinu og sagt frá jarðsögu svæðisins. Áætlað er að ofna sýninguna sumarið 2017.

VEIKLEIKAR: Svæðið hefur takmarkaða innviði til að taka á móti miklum fjölda ferðamanna. Setlögin eru viðkvæm fyrir raski og er skaðinn óafturkræfur. Landvarsla er ekki nægjanleg á svæðinu.

ÓGNIR: Mikið rask hefur verið í Surtarbrandsgili mörg undanfarin ár bæði af völdum manna og af náttúrulegum ástæðum. Halda þarf áfram að hafa eftirlit með svæðinu og koma í veg fyrir að fólk taki steingeringa. Bergið slútir víða fram og er hrinhætta til staðar.

TÆKIFÆRI: Klára þarf að vinna stjórnunar- og verndaráætlun en áætlað er að áætlunin verði gefin út sumarið 2017. Tekist hefur að mestu að koma í veg fyrir að fólk fari án leyfis í gilið og taki þaðan steingeringa. Endurnýja þarf friðlýsingarskilmála fyrir náttúruvættið. Auka þarf eftirlit enn frekar með svæðinu en sérfræðingur Umhverfisstofnunar á Patreksfirði fer með umsjón með því. Náttúruupplifun og jarðminjar gera svæðið mjög áhugavert. Umhverfisstofnun í samstafi við ábúendur á Brjánslæk hafa sett umm sýningu um Surtarbrandsgil á Brjánslæk. Stefnt er á opnun hennar sumarið 2017. Aukin landvarsla á svæðinu gefur tækifæri á að bjóða upp á gönguferðir í Surtarbrandsgil 7 daga vikunnar yfir sumartímann, en í dag eru einungis farið 5 sinnum í viku. Gert er ráð fyrir að svæðið fari af appelsýnugulum lista þegar öllum aðgerðum er lokið, þ.e. gerð stjórnunar- og verndaráætluna, opnun sýningar á Brjánslæk og aukið við landvörslu.

TEIGARHORN

Auglýsing nr. 518/1975 í Stjórnartíðindum B.

STYRKLEIKAR Teigarhorn er einn þekktasti fundarstaður geislasteina (e. zeolite) í heimi. Geislasteinar finnast þar í klettum og sjávarhömrum þar sem þeir losna úr berginu við veðrun. Svæðið dregur að sér mikinn fjölda ferðamanna enda víða getið í ferðahandbókum. Landvörður hefur starfað á svæðinu sumarið 2013 á vegum Umhverfisstofnunar og verður á svæðinu sumarið 2014 á vegum Djúpavogshrepps með samningi við Umhverfisstofnun. Íslenska ríkið festi kaup á jörðinni árið 2013 og stækkaði í framhaldi hið friðlýsta náttúruvætti á Teigarhorni og friðlýsti aðra hluta jarðarinnar sem fólkvang.

VEIKLEIKAR Jarðmyndanir á svæðinu eru viðkvæmar fyrir raski. Enn ber á því að steinum sé stolið af svæðinu, bæði vegna skorts á meðvitund um verndargildi sem eða af einbeittum brotavilja. Berg veðrast hratt við ströndina og er laust í sér. Auðvelt er fyrir fólk að snerta við steinflögum í bergstöflum og þar með hrófla við geislasteinum í leiðinni, fólk freistast síðan til að taka og/eða hrófla meira. Ekki er trygg landvarsla allt árið.

ÓGNIR » Aukinn fjöldi ferðamanna fer um svæðið og margir reyna að hafa steina með sér á brott. » Rof er víða við klettabelti og við ströndina » Traðk myndar gönguleiðir á viðkvæmum stöðum » Hrunhætta.

TÆKIFÆRI » Teigarhorn var á rauða lista Umhverfisstofnunar árið 2010 en á þeim appelsínugula í næstu tvö skipti, árin 2012 og 2014. Á undanförunum árum hefur eftirlit og varsla með svæðinu eflst til muna, m.a. með friðlýsingu jarðarinnar allrar árið 2013 og aukinni og efldri landvörslu í kjölfar umsjónarsamninga árið 2013. Djúpavogshreppur hefur sýnt svæðinu mikinn áhuga og unnið. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið er að ljúka sem og deiliskipulagi, og mun það festa viðgang Teigarhorns enn betur í sessi. Til eru ítarlegar og greinargóðar landvarðarskýrslur frá árunum 2013-2015. Fornleifaskráning hefur einnig farið fram.

Innviðir hafa verið bættir til muna á undanförunum árum, bæði með öryggi, aðgengi og vernd viðkvæmra staða innan náttúruvættisins að leiðarljósi. Göngustígar voru lagðir um náttúruvættið og ofan í fjörur sumrin 2014, 2015 og 2016. Unnið er að öðrum framkvæmdum til að styrkja svæðið, s.s gerð bílastæðis og endurbótum á öðru húsnæði, m.a. íbúðarhúsi þar sem umsjónarmaður svæðisins hefur nú aðsetur til að tryggja stöðugt eftirlit. Nýir stígar um svæðið voru hannaðir með umferðarstýringu fyrir augum. Samhliða lagningu þeirra var lokað fyrir umferð inn á sérlega viðkvæma staði þar sem mikið rof er í sjávarbakkanum.

Svæðinu verður haldið á Appelsínugulum lista þangað til upplýsingagjöf til gesta svæðisins verður eflað, klárað verður stjórn- og verndaráætlun og umsjónarsamning og landvörslu og eftirlit á svæðinu bætt.

Svæði sem detta út milli ára

Eftirfarandi svæði hafa dottið út af listanum vegna þeirra aðgerða sem gripið hefur verið til innan þeirra.

Eldborg í Bláfjöllum

Fossvogsbakkar

Háubakkar

Laugarás

ELDBORG Í BLAFJÖLLUM

Auglýsing nr. 121/1974 í Stjórnartíðindum B.

Á undanförunum árum hefur verið farið í innviðauppbýggingu á svæðinu. Sett var upp upplýsingarskilti, bílastæði afmarkað, villustígum lokað með mosaígræðslu, gönguleiðir stikaðar og mól borin í stíginn að hluta til. Á brattasta kaflanum var settur upp keðjustigi.

Umhverfisstofnun metur sem svo að taka megi svæðið af appelsínugula listanum eftir að innviðir þess voru styrktir. Auka þarf þó eftirlit með svæðinu til að meta betur hvaða áhrif aukin umferð um svæðið hefur og hvernig þær framkvæmdir sem farið var í reynast. Stefnt er að gerð verndaráætlunar fyrir svæðið á komandi árum.

FOSSVOGSBAKKAR

Reykjavíkurborg lét gera ítarlega úttekt á svæðinu sumarið 2013. Í kjölfarið var unnin verndar- og stjórnunaráætlun fyrir svæði árið 2015. Umsjónarsamningur var gerður á milli Umhverfisstofnunar og Reykjavíkurborgar samhliða.

Í úttekt Reykjavíkurborgar á rofhættu á svæðinu kemur í ljós að vissulega er ágangur sjávar töluverður og á stöku stað hefur hrunið úr setlögnum. Það verði þó að teljast eðlileg þróun sem ekki er hægt að sporna við. Bakkarnir eru nokkuð breiðir og svigrúm til rofs er því fyrir hendi. Er því ekki ástæða til að grípa inn í ferlið að svo stöddu. Hvað varðar ágengar framandi tegundir þ.e. lúpínu, skógarkerfil og þistil svo dæmi sé tekið þá ógna þær vissulega sýnileika jarðminjanna ofan frá en eru ekki taldar ógna verndargildi þeirra.

Það er því mat Umhverfisstofnunar að taka megi Fossvogsbakka af appelsínugula listanum 2016.

HÁUBAKKAR

Reykjavíkurborg lét gera ítarlega úttekt á svæðinu sumarið 2013. Í kjölfarið var unnin verndar- og stjórnunaráætlun árið 2015. Umsjónarsamningur milli Umhverfisstofnunar og Reykjavíkurborgar var gerður samhliða.

Í kjölfar úttektarinnar hefur umsjón með svæðinu aukist, sett hafa verið upp fræðsluskilti og svæðið hreinsað af rusli. Ásýnd svæðisins hefur því batnað. Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2010-2030 er gert ráð fyrir að að í stað atvinnu- og iðnaðarhúsnæðis muni rísa íbúðarbyggð í nágrenni svæðisins í framtíðinni og er gert ráð fyrir að það muni hafa jákvæði áhrif á svæðið.

Það er því mat Umhverfisstofnunar að taka meggi Háubakkka af appelsínugula listanum 2016.

LAUGARÁS

Reykjavíkurborg lét gera ítarlega úttekt á svæðinu sumarið 2013. Í kjölfarið var unnin verndar- og stjórnunaráætlun fyrir svæði árið 2015. Umsjónarsamningur var gerður á milli Umhverfisstofnunar og Reykjavíkurborgar samhliða.

Hvað varðar ágengar framandi tegundir þ.e. lúpínu, skógarkerfil og þistil svo dæmi séu tekin, ógna þær vissulega sýnileika jarðminjanna ofan frá. Reykjavíkurborg sér þó um að slá reglulega lúpínu og grisja önnur gróðlendi þannig að plönturnar eru ekki taldar ógna verndargildi svæðisins.

Það er því mat Umhverfisstofnunar að taka megi Laugarás af appelsínugula listanum 2016.